

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

67. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 3. maí 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Framkvæmd bókar 1 hjá Akureyrarbæ - 1705001SA

Að ósk FG fór fram umræða um framkvæmd bókar 1 hjá Akureyrarbæ. Svo virðist sem að Akureyrarbær styðjist enn við spurningakönnun sem grunn að gagnaöflun. Í spurningakönnuninni sem lögð var fyrir kennara í skólum Akureyrarbæjar koma einnig fram rangar upplýsingar:

„Þessi spurningalisti er unninn að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands en þeir hafa kallað eftir viðbrögðum við "Bókun 1" úr núgildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.“

Niðurstaða:

Það er ljóst að spurningalistinn er ekki unninn og lagður fyrir að beiðni SNS og FG.

Í ljósi sameiginlegrar yfirlýsingar sem samþykkt var á fundi á Akureyri dags 30. mars 2017 er ljóst að ósamræmi er á milli þeirrar yfirlýsingar og þess sem kemur fram hér að framan. Því óskar samstarfsnefnd eftir greinargerð um stöðuna á vinnu við bókun 1 í skólum Akureyrarbæjar og einnig hvort enn sé stuðst við ofangreinda spurningakönnun sem grunn að gagnaöflun stýrihópa. Annarsvegar er óskað eftir greinargerð frá Akureyrarbæ og hinsvegar að BKNE taki saman greinargerð eftir samtal við fulltrúa kennara í stýrihópum í hverjum skóla.

2. Erindi frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um frekari frest frá viðmiðum í Vegvísi samstarfsnefndar um skil á lokaskýrslu vegna bókunar 1. - 1703034SA

Á 66. fundi afgreiddi samstarfsnefnd erindi Skóla- og frístundasviðs (SFS). Í þeirri bókun var veittur frestur vegna kynningar á umbótaáætlun til kennara til 10. maí og skil á lokaskýrslu til 10. júní.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að verða við ósk Skóla- og frístundasviðs um frekari frest til að kynna umbótaáætlun til kennara eða til 1. júní. Þá er samstarfsnefnd einnig sammála um að veita sveitarfélaginu frest til að skila lokaskýrslu og umbótaáætlun til samstarfsnefndar til 17. júní 2017.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00